

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 115/2010

2011/EES/55/29

frá 9. febrúar 2010

## um skilyrði fyrir notkun á virkjuðu súráli til að fjarlægja flúoríð úr ölkelduvatni og uppsprettuvatni (\*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-  
sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/  
EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og setningu ölkelduvatns á  
markað (<sup>1</sup>), einkum c-lið 1. mgr. 4. gr. og d-lið 12. gr.,

með hliðsjón af álitum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/40/EB frá 16. maí 2003 um skrá yfir innihaldsefni ölkelduvatns, styrkleikamörk þeirra og kröfur sem eru gerðar um merkingar vegna þeirra og skilyrði fyrir notkun ósonauðgaðs lofts við meðhöndlun ölkelduvatns og uppsprettuvatns (<sup>2</sup>) eru sett hámarksgildi fyrir flúoríð í ölkelduvatni. Að því er varðar uppsprettuvatn eru slík gildi fastsett í tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (<sup>3</sup>).
- 2) Til þess að gera rekstraraðilum kleift að fara að ákvæðum þessara tilskipana skal leyfa meðhöndlun til að fjarlægja flúoríð úr ölkelduvatni og uppsprettuvatni með notkun á virkjuðu súráli (hér á eftir nefnd „meðhöndlun til að fjarlægja flúoríð“).
- 3) Meðhöndlun til að fjarlægja flúoríð má ekki verða til þess að efnaleifar séu í meðhöndluðu vatni í styrk sem gæti skapað áhættu fyrir lýðheilsu.
- 4) Meðhöndlun til að fjarlægja flúoríð skal tilkynnt til lögbærra yfirvalda svo yfirvöldin geti innt af hendi nauðsynlegt eftirlit til að tryggja að meðhöndluninni sé beitt á réttan hátt.
- 5) Á merkimiða meðhöndlaðs vatns skal tilgreint að það hafi verið meðhöndlað til að fjarlægja flúoríð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 31.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 126, 22.5.2003, bls. 34.

(<sup>3</sup>) Stjtið EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Meðhöndlun ölkelduvatns og uppsprettuvatns með virkjuðu súráli til að fjarlægja flúoríð, hér á eftir nefnd „meðhöndlun til að fjarlægja flúoríð“, skal leyfð.

Hér á eftir eru ölkelduvatn og uppsprettuvatn til samans nefnd „vatn“.

2. Meðhöndlunin til að fjarlægja flúoríð skal framkvæmd í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Losun efnaleifa í vatn, sem eru tilkomnar vegna meðhöndlunar til að fjarlægja flúoríð, skal vera eins lítil og er tæknilega mögulegt samkvæmt bestu starfsvenjum og skal ekki skapa áhættu fyrir lýðheilsu. Til að tryggja að svo verði skal rekstraraðilinn koma á og vakta mikilvæg vinnsluþrep sem tilgreind eru í viðaukanum.

3. gr.

1. Meðhöndlun til að fjarlægja flúoríð skal tilkynnt til lögbærra yfirvalda a.m.k. þremur mánuðum áður en hún er notuð.

2. Með tilkynningunni skal rekstraraðilinn senda lögbærum yfirvöldum viðeigandi upplýsingar, gögn og greiningarniðurstöður sem varða meðhöndlunina til að sýna fram á að hún uppfylli kröfurnar í viðaukanum.

4. gr.

Á merkimiða vatns sem hefur verið meðhöndlað til að fjarlægja flúoríð skulu, nálægt yfirlýsingunni um niðurstöður efnagreiningar, skulu koma fram þessar upplýsingar: „Vatnið hefur verið meðhöndlað með viðurkenndri ásofstækni“.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Vörur, sem settar voru á markað eigi síðar en 10. ágúst 2010 og sem uppfylla ekki ákvæði 4. gr., má áfram setja á markað til 10. ágúst 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

**Tæknilegar kröfur vegna notkunar á virkjuðu súráli til að fjarlægja flúoríð úr ölkelduvatni og uppsprettuvatni**

Eftirfarandi, mikilvæg vinnsluþrep skulu framkvæmd og vöktuð á viðeigandi hátt:

1. Áður en virkjað súrál er notað til meðhöndlunar á vatni skal það fara í gegnum upphafsferli, sem felur í sér notkun á súrum eða basískum íðefnum til að fjarlægja allar efnaleifar, og bakskolon til að fjarlægja fingerðar agnir.
2. Endurvirkjunarferli skal eiga sér stað á einnar til fjögurra vikna fresti, eftir gæðum vatnsins og gegnumstreymi. Það skal fela í sér notkun á viðeigandi íðefnum til að fjarlægja ásoagaðar jónir til að endurheimta ásoagsgetu virkjaða súralsins og til að fjarlægja örveruþekjur sem kunna að hafa myndast. Þessi aðgerð skal framkvæmd í eftirfarandi þremur áföngum:
  - Meðhöndlun með natríumhýdroxíði til að fjarlægja flúoríðjónir og setja hýdroxíðjónir í þeirra stað.
  - Meðhöndlun með síru til að fjarlægja natríumhýdroxíð og virkja miðilinn.
  - Skolon með drykkjarvatni eða steinefnasneyddu vatni og lokaskolon með vatninu til að tryggja að sían hafi engin áhrif á heildarinnihald steinefna í meðhöndlaða vatninu.
3. Íðefnin og prófefnin, sem notuð eru í upphafs- og endurvirkjunarferlinu, skulu uppfylla viðeigandi Evrópu-staðla <sup>(1)</sup> eða gildandi landsstaðla að því er varðar hreinleika efnafræðilegra prófefna sem notuð eru við meðhöndlun á neysluvatni.
4. Virkjað súrál skal uppfylla Evrópustaðal um útskolunarprófanir (EN 12902) <sup>(2)</sup> til að tryggja að engar efnaleifar séu losaðar í vatnið með þeim afleiðingum að styrkurinn fari yfir þau mörk sem eru sett í tilskipun 2003/40/EB eða, ef engin mörk eru sett í þeirri tilskipun, yfir þau mörk sem eru sett í tilskipun 98/83/EB eða í gildandi landslögjöf. Heildarstyrkur áljóna í meðhöndlaða vatninu eftir losun áls, sem er aðalefnisþáttur í virkjuðu súráli, má ekki fara yfir 200 µg/l, eins og kveðið er á um í tilskipun 98/83/EB. Fylgjast skal reglulega með þessum styrk í samræmi við tilskipun ráðsins.
5. Í vinnsluþrepanum skal fylgja góðum framleiðsluháttum og meginreglum um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli <sup>(3)</sup>.
6. Rekstraraðilinn skal koma á fót vöktunaráætlun til að tryggja eðlilega starfsemi í vinnsluþrepanum, einkum að því er varðar viðhald á helstu eiginleikum vatnsins og flúoríðinnihaldi þess.

<sup>(1)</sup> Evrópustaðlar þróaðir af Staðlasamtökum Evrópu.

<sup>(2)</sup> Evrópustaðall EN 12902 (2004): Products used for treatment of water intended for human consumption. Inorganic supporting and filtering materials.

<sup>(3)</sup> Stjórn. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.